

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/694**  
**komudagur 7.12.2011**



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
*Ministry of Education, Science and Culture*  
Sölvhólsgrata 4 · IS-150 Reykjavík, Iceland  
tel.: +(354) 545 9500 · fax: +(354) 562 3068  
postur@mnrn.stjr.is  
ministryofeducation.is

Alþingi  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2011  
Tilv.: MMR11120050/0.4.0


Með bréfi atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 2. desember 2011, fékk mennta- og menningarmálaráðuneyti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum, þingskjal 357 - 306. mál 140. löggjafarþings.


Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer m.a. með málefni lista og annarra menningarmála. Stuðningi ríkisins við listir og menningarmál er annars vegar ætlað að jafna aðstöðu og auðvelda landsmönnum að njóta lista og menningar og hins vegar að tryggja eðlilegan starfsgrundvöll listamanna. Starfsemi mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði lista beinist einkum að atvinnulistamönnum og listastofnunum. Á sviði kvikmyndamála fer ráðuneytið með málefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns Íslands. Hlutverk Kvikmyndasafns Íslands er m.a. að safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis og standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist. Kvikmyndamiðstöð starfar samkvæmt kvikmyndalögum nr. 137/2001. Helstu verkefni hennar eru að styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda með framlögum úr Kvikmyndasjóði, stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis, efla kvikmyndamenningu hér á landi og stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur áður fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og gerir ekki efnislegar athugasemdir við breytingatillögurnar.

Að öðru leyti mun afstaða ráðherra birtast í umræðum á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ásta Magnúsdóttir

  
Karitas H. Gunnarsdóttir